

Haraldur Birgir Haraldsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegi 1 - 3
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. maí 2013
Tilvísun: UST20130400018/ksj

Lýsing vegna deiliskipulags. Hungurfit á Rangárvallaafirétti

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 3. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir svæðið Hungurfit á Rangárvallaafirétti.

Staðsetning og áætluð nýting


Hungurfit á Rangárvallaafirétti er fjallaskálasvæði á Rangárvallaafirétti, norðan Tindfjallajökuls og sunnan við Skyggnishlíðar. Á svæðinu er gamall skáli með hesthúsi á neðri hæð og gistiaðstöðu á efri hæð. Undanfarin ár hefur verið unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu á staðnum en Hungurfit eru heppilega staðsett sem áningarstaður þegar farið er ríðandi um Fjallabakssvæðið. Hungurfit er innan náttúruverndarsvæðisins N761 Emstrur og Fjallabak.

Framkvæmdir

Fram kemur í ofangreindri lýsingu að í væntanlegu deiliskipulagi verði gert ráð fyrir 2 gistiskálum allt að 75 m² hvor. Einnig verður gert ráð fyrir salernishúsi, tjaldsvæði og hestagerði. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess er fram kemur í lýsingu um að öll hús verði samræmd í útliti og falli sem best að landinu. Einnig er mikilvægt að í deiliskipulagi komi fram áætlanir um frárennsli og að áætlanir séu skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í væntanlegu deiliskipulagi, hvað gera á við eldri skála sem er á svæðinu. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fram komi að forðast skuli allt óþarfa rask á framkvæmdasvæðinu sem er á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Ingibjörg Eiríksdóttir
Sérfræðingur/svæðalandvörður

Skipulagsstofnun

